



Opinn fundur með stjórnendum NFFG, nemendum og stjórnendum skólans í Urðarbrunni miðvikudaginn 22. janúar 2020

Kristinn Þorsteinsson skólameistari setti fundinn og bauð alla velkomna. Hann sagði frá breytingum sem orðið hafa á húsnæði skólans m.a. á kennslustofum, bókasafninu, fyrirlestrasalnum og svo er búið að kaupa borðtennisborð.

Kristinn kynnti líka Hinseginfélagið og Petrónu Björgu sem er Hinseiginfulltrúi FG.

Fríða og Tinna kynna Imbru

- Imbra og viðburðir henni tengdir eru fyrir nemendur. Mikilvægt að þeir verði duglegir að láta sjá sig.
- Allir þurfa að mæta á sex viðburði og fá kvittun á „Imbrublaðið“ hjá kennara. Imbrublaðinu á síðan að skila til umsjónarkennara í síðasta lagi 4.02.
- Á suma viðburði þarf að skrá sig og sumir viðburðir kosta.

Nemendafélagið

- Forseti nemendafélagsins, Daníel Breki, kynnti árshátíðina og sýnt var myndband. Salurinn var mjög móttækilegur☺
- Ölvun ógildir miðann.
- Bergur Ebbs, þarf alltaf að vera grín og svo er leyniatriði.
- Kostnaður:
 - Nemendur innan NFFG borga 3900 kr. fyrir ballið
 - Nemendur utan NFFG borga 4900 kr. fyrir ballið
 - Matur 4500 kr.
 - Matur og ball 7900 kr.



- Matseðillinn:
 - o Humarsúpa/vegansúpa með hvítlauksbrauði
 - o Lamb/kjúklingur/hnetusteik með ómótstæðilegu meðlæti
- 1.02 keppir Morfísliðið á Akureyri
- 7.02 keppir FG í sjónvarpssal í Gettu betur
- 1.04 – 3.04 er fyrirhuguð skíðaferð

Nokkrar spurningar úr sal:

- Er hægt að kaupa poolborð?
Kristinn ekki tilbúinn að lofa því
- Er hægt að endurmála bílastæðið?
Það verður gert í vor þegar skóla lýkur.
- Eitthvað að fréttu af viðbyggingu við skólann?
Nei, því miður en stjórnendur minna sífellt á nauðsynlega stækkun.

Fundi slitið.

Fundargerð ritaði Kristín Helga Ólafsdóttir